

mótt 10/7/19 JF



Öldrunarheimili Akureyrar
Halldór Sigurður Guðmundsson,
framkvæmdastjóri
Austurbyggð 17
600 Akureyri

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 3. júlí 2019
Tilv.: HRN19030085/06.84.01

Efni: Úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2019

Heilbrigðisráðuneytið vísar til umsóknar frá Öldrunarheimili Akureyrar um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2019. Sótt var um framlag til endurbóta á húsnæði og til tækjakaupa í aðaleldhúsi.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 13.287.200 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 40% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins í tvíriti. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í útfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang heilbrigðisráðuneytisins á hrn@hrn.is.

Framlagið verður greitt út í tvennu lagi. Fyrri hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent annað eintak sammingsins til ráðuneytisins. Seinni hluti þegar staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdum sé lokið og að þær hafi verið í samræmi við umsókn og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggja fyrir.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Ásta Valdimarsdóttir


Elsa B. Friðfinnsdóttir